



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Rétturinn til að gleymast og opinber skjalavarsla.

Eyðing opinberra gagna, samspil laga nr. 77/2014 og 90/2018.

Garðar Kristinsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til 180 eininga
B.A. prófs í lögfræði

Lagadeild
Maí 2019

Titill: Rétturinn til að gleymast og opinber skjalavarsla
Stuttur titill: Eyðing opinberra gagna, samspil laga nr. 77/2014 og 90/2018
12 eininga ritgerð sem er hluti af Baccalaureus artium gráðu í lögfræði

Höfundarréttur © 2019 Garðar Kristinsson
Öll réttindi áskilin

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri
Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Garðar Kristinsson, 2019, Rétturinn til að gleymast og opinber skjalavarsla, lagadeild, Háskólinn á Akureyri.

Reykjavík, maí 2019

Yfirlýsingar

Ég lýsi því yfir að ég einn er höfundur þessa ritverks að það er ágóði eigin rannsókna.

Garðar Kristinsson, höfundur

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. – prófs við hug- og félagsvísindasvið

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, leiðbeinandi

Þakkarorð

Fyrst og fremst vil ég þakka unnustu minni Sigríði Skagfjörð og móður minni Dagbjörtu Halldórsdóttur fyrir að vera mjög svo hvetjandi og styðja mig á alla vegu í undangengnu B.A. námi. Að ljúka þessu námi hefði ekki verið mögulegt án þeirra stuðnings og aðstoðar. Einnig hafa drengirnir mínir Axel Freyr og Aron Máni verið mér mikil hvatning til þess að standa vel að náminu og stefna að lokum þess. Mest sé ég eftir hverjum þeim tíma við námið sem tók mig frá þeim.

Útdráttur

Með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hafa verið settar reglur vegna eyðingar í kjölfar söfnunar eða vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Þar sem lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn kveða á um bann við að opinberir aðilar eyði gögnum sem koma til meðferðar hjá þeim fór í kjölfar gildistöku nýrra persónuverndarlaga að bera á misvísandi álitum varðandi eyðingu úr skjalasöfnum þeirra. Hvort að opinberum aðilum væri heimilt eða í raun gert skylt að eyða persónugreinanlegum gögnum úr skjalasöfnum sínum.

Eyðing gagna er varanlegur gjörningur sem getur haft veruleg áhrif á hagsmuni og réttarstöðu bæði almennings sem og stjórnvalda. Því þarf að standa rétt að málum þegar slíkt er heimilað og vera ljóst eftir hvaða regluverki skal farið í þeim tilgangi, hvort einstaka stjórnvöldum sé í sjálfvald sett að eyða gögnum þegar þau uppfylla eyðingarreglu persónuverndarlaganna eða hvort ákvæði laga um opinber skjalasöfn um eyðingu gagna eigi við.

Abstract

By Act no. 90/2018 on the privacy and processing of personal data have been established regular rules for deletion following the collection or processing of personally identifiable information if certain conditions are met.

Since Act no. 77/2014 on public archives stipulates the prohibition of public bodies deleting documents that are being processed by them, following the entry into force of the new Privacy Act, to convey conflicting opinions regarding deletion from their archives. Whether public bodies were allowed or actually divorced to delete personally identifiable data from their archives.

Data deletion is a lasting performance that can have a significant impact on the interests and legal status of both the public and the government, therefore, the right to work when permitted, and the regulatory framework to be followed for that purpose needs to be clear, whether individual government deletion of data when complying with the deletion rule of the Privacy Act or whether the proper processing is in accordance with the law on public records on data destruction.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Persónuvernd.....	5
1.1 Stjórnarskrárákvæði um rétt til einkalífs.....	5
1.2 Persónuupplýsingar og viðkvæmar persónuupplýsingar.....	7
1.3 Vinnsla persónuupplýsinga.....	9
2. Almenna persónuverndarreglugerðin.....	11
2.1 MDE, <i>Google inc. gegn Spáni, 13. maí 2014 (C-131/12)</i>	11
2.2 Aðdragandi þess að almenna persónuverndarreglugerðin.....	13
2.4 Innleiðing reglugerðarinnar.....	15
2.4 a ástæða lögfestingar.....	15
2.4 b. meðferð máls á Alþingi.....	16
3. Opinber skjalavarsla.....	22
3.1 Opinber varðveisla skjala.....	23
3.2 Um skráningu mála og málgagna.....	25
3.3 Um grisjun gagna.....	27
Lokaorð.....	31
Reglur.....	33
Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu.....	33
Réttargerðir Evrópusambandsins.....	33
Heimildaskrá.....	34
Bækur.....	34
Þingskjöl.....	34
Leiðbeiningarrit.....	35
Tímarit.....	35
Fréttir og vefsíður.....	35

Inngangur.

Réttur manna til þess að njóta friðhelgi einkalífs er náskyldur sjálfsákvörðunarrétti þeirra og þar með rétti þeirra til þess að ráða yfir þeim upplýsingum sem skráðar hafa verið um þá.¹

Á sama tíma og virða þarf friðhelgi einkalífs er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að haga málsmeðferð vegna erinda sem þau taka til meðferðar á skipulagðan og skilvirkan hátt með það að leiðarljósi að tryggja „réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdavaldsins skýrari og traustari.”²

Lög nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni voru fyrstu lög sem sett voru á Íslandi í þeim tilgangi að vernda réttindi einstaklinga vegna skráningar á hverjum þeim upplýsingum sem varðað gætu persónuleg einkamálefni þeirra.³

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að lög nr. 63/1981 voru sett, löggin höfðu takmarkaðan gildistíma sem og þau lög sem á eftir komu. Réttargerðir frá Evrópusambandinu hafa verið lögleiddar hér á landi í einmitt þeim tilgangi að styrkja réttindi einstaklinga að því er varðar umráð yfir persónuupplýsingum um þá sjálfa.

Í þessari ritgerð verður fjallað um réttinn til að gleymast og þar á meðal dóm Evrópudómstólsins sem fyrst staðfesti hann í maí árið 2014. Þessum rétti verða gerð skil hér, einkum í ljósi varðveisluskylda opinberra aðila sem falla undir ákvæði um afhendingarskylda aðila⁴ sbr. lög nr.77/2014 um opinber skjalasöfn, hér eftir skammstöfuð lops.

Hér á eftir verður einnig leitast við að svara þeirri spurningu hvort að rétturinn til að gleymast nái til allra þeirra gagna sem skráð hafa verið hjá afhendingarskyldum aðilum eins og kveðið er um í lops.

Kveikjan að þessari vangaveltu var bréf sem Þjóðskjalavörður sendi á afhendingarskylda aðila ríkis og sveitafélaga þann 18. júlí 2018, í kjölfar samþykkis nýrra laga um persónuvernd og vinnslu

¹ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls. 21

² Þskj. 505. 116. lögb. 1992 - 93. Mál: *Frumvarp til stjórnslulaga*.

³ Þskj. 367, 111. lögb. 1988 – 89. Mál: *Frumvarp til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga*.

⁴ Afhendingarskyldir aðilar eru taldir upp og gert skil í 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir skammstöfuð lppv, og birtist einnig á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands.

Í bréfinu er það áréttað, að höfðu samráði við mennta- og menningamálaráðherra sem er jafnframt sá ráðherra sem fer með málefni skjalavörslu og skjalastjórnar hins opinbera að „...*lög um opinber skjalasöfn gilda um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Þau mæla fyrir um meðferð, vörslu og eyðingu gagna afhendingarskyldra aðila og eru sérlög gagnvart nýjum persónuverndarlögum.*“⁵

Jafnframt er rakið í bréfinu að í aðdraganda innleiðingar almennu persónuverndarreglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 sem lppv lögfesti hér eftir skammstöfuð pvpr hafi komið upp álitamál um hver yrðu réttaráhrif pvpr að því er varðar landsrétt. Að upp hafi komið sá misskilningur að afhendingarskyldum aðilum væri með lögfestingu pvpr heimilt og jafnvel skylt að eyða persónugreinanlegum gögnum sem myndast höfðu við starfsemi þeirra.⁶

Í lögfræðilegri aðferðafræði, bæði innan og utan Norðurlandanna, hafa þróast einkum þrjár reglur sem skipta máli við það að skilgreina og leysa úr ágreiningsefnum er varðar lagaákvæði sem rekast á að öllu leyti eða að hluta til. Þær reglur eru, *lex specialis*, *lex superior*⁷ og *lex posterior*⁸. Þessar reglur hafa verið nefndar forgangsreglur þar sem þær eiga að gefa til kynna hvaða lagaákvæði hafa forgang yfir aðrar réttarreglur.⁹

⁵ Þjóðskjalasafn Íslands, *Skjalafréttir*. 7. tbl. 3. 9. 2018. [https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=\[UNIQID\]](https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=[UNIQID]) [Skoðað 20.3.2019]

⁶ Þjóðskjalasafn Íslands, *Skjalafréttir*. 7. tbl. 3. 9. 2018. [https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=\[UNIQID\]](https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=[UNIQID]) [Skoðað 20.3.2019]

⁷ *lex superior* hún gengur út frá því að ákvarða hvaða réttarheimild sé æðri, þ.e.a.s. hvort að ákvæðið hvílir á heimildum sem neðar standa. Þar sem að sett lög eru skv. viðurkenndum sjónarmiðum æðsta réttarheimildin og bæði ákvæðin sem um ræðir eru partur af lagabálkum settra laga, er ekki talin þörf á því að útskýra regluna nánar við úrlausn þessa viðfangsefnis. (Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV 2008), bls 225)

⁸ *lex posterior* kemur til athugunar ef ekki reynist unnt að ráða fram úr ágreiningi á milli lagaákvæða skv. *lex superior* eða *lex specialis*. Sú regla tekur til þess að yngri lög gangi fyrir eldri lögum ef um áreksur er að ræða á milli ákvæða lagabálka. Venjan er sú að við setningu yngri laga sem augljóst er að stangist á við eldri lög, er að í yngri lögunum sé tekið fram að umrædd ákvæði eldri laganna falli úr gildi þegar þau yngri taki við. Sé það ekki gert að þá skv. reglunni um *lex posterior* að ákvæði eldri laga eru látin víkja fyrir þeim yngri ef við á. (Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV 2008), bls. 224)

⁹ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV 2008), bls 223

Þar sem ætlunin er að komast að því hvort að eyðingarákvæði lþvp gangi frammar ákvæði í 1. mgr. 24. gr. lops, gerist þörf á því að nýta viðkomandi forgangsreglu með skoðun á undirbúningsgögnum laganna til þess reyna að skera úr um réttthæð ákvæðanna.

Þegar tvö eða fleiri lagaákvæði mæla fyrir um samskonar reglu þarf fyrst að freista þess að skýra reglurnar samkvæmt viðurkenndum leiðum svo að haldbær niðurstaða og virkni laganna geti fengist.

Hér á eftir mun reglan um *lex specialis* helst koma til greina en hún gengur út frá þeirri forsendu að sérreglu gangi frammar almennum reglum, þá þarf að vera fyrir hendi að hægt sé að skilgreina þá reglu sem hefur að geyma undantekninguna frá hinni almennu reglu sem sérreglu, ef málefnið sem um ræðir fellur undir hana.¹⁰

Með lögskýringargögnum er átt við áðurnefnd undirbúningsgögn svo sem greinargerði með lagafrumvörpum, nefndarálit og umræðum á þingfundum. Umrædd gögn geta verið mjög þýðingarmikil heimild um þau markmið sem löggjafinn hafði í huga við setningu viðkomandi laga. Gögnin geta rennt stoðum undir að lagaákvæðin beri að túlka með hliðsjón af markmiði um réttarframkvæmd sem stuðli að réttlæti.¹¹

¹⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV 2008), bls 224

¹¹ Róbert Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Codex 2007), bls. 197

1. Persónuvernd.

Vernd einkalífs er talinn vera hluti mannréttindaverndar. Hafa mannréttindi verið skipuð í flokka eftir því hvaða skyldur viðkomandi ríki þarf að uppfylla til þess að standa við þá vernd sem stjórnarskrá þess veitir almenningi. Þessar hugmyndir um rétt einkalífsins eru komnar, úr náttúrurétti 17. og 18. aldar en í kenningum náttúruréttar er talið að mannskepnan njóti sérstöðu í náttúrunni og eiga frá náttúrunnar hendi rétt á vissum grundvallar réttindum. Þessi grundvallar réttindi eru æðri öllum settum lögum mannsins enda eru þær komnar frá æðra valdi.¹²

Þegar fór að líða á síðari hluta 20. aldar fór það að vera þeim samfélögum sem töldust til tæknivæddra nútímaþjóðfélaga, ljóst að aukin þörf væri á því að koma á úrræðum til þess að tryggja réttindi fólks um friðhelgi einkalífs fyrir mögulegum ágangi ríkisvaldsins eða annara utanaðkomandi aðila.¹³

1.1 Stjórnarskrárákvæði um rétt til einkalífs.

Fyrsta stjórnarskráin var færð Íslendingum af Danakonungi árið 1874 og var byggð á endurskoðuðum lögum frá 1866 sem Danir lögðu til grundvallar stjórnarskrá sinni við lok allsherjarvalds konungs frá árinu 1849.¹⁴

Í henni er friðhelgi einkalífs varin í 52. gr., þar sem að heimildum stjórnvalda til upplýsingaöflunar voru settar ákveðnar skorður. Greinin hljóðaði á þann veg að „*Heimilið er friðhelgt. Ekki má gera húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði, ef lögin ekki gera sjerlega undantekning*“¹⁵

Eftir að sambandslögin tóku gildi árið 1918 og stjórnarskrá Konungsríkisins Íslands var sett tveimur árum seinna var í henni samhljóða ákvæði sem áður hafði verið í dönsku stjórnarskránni frá 1874. Árið 1944 tók stjórnarskrá íslenska lýðveldisins gildi og þar var að finna efnislega sambærilegt ákvæði líkt og áður nefnd ákvæði er vörðuðu rétt einkalífsins.

¹² Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls 22-23.

¹³ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

¹⁴ Ritstj. Róbert R. Spanó, *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði* (Codex 2009), bls 23

¹⁵ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls 33.

Ákvæðið var rýmkað til muna með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, og hljóðar 71. gr. svo:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“¹⁶

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 er kveðið á um að skráning persónuupplýsinga um einstaklinga sé raunhæft dæmi um það svið þar sem álitæfni vaknar um hvort brotið sé gegn friðhelgi einkalífs. Skoða má hversu langt megi ganga í skipulagðri skráningu á lífsháttum manna og högum, sem og vinnslu slíkra upplýsinga. Með ákvæði 1. mgr. 9. gr frumvarpsins var sett fram bein regla um friðhelgi einkalífsins, einnig er gert ráð fyrir því að viss skylda mun hvíla á ríkinu til þess að hafa ekki afskipti af persónulegum högum borgara þess. Hættan á því að friðhelgi einkalífs sé rofin stafar ekki eingöngu af ríkisvaldinu heldur einnig frá öðrum einstaklingum sem og öðrum lögaðilum.

Þar inn kemur sú skylda ríkisvaldsins til að, ekki einungis virða mörk friðhelgi einkalífsins, heldur einnig að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingum og þeirra einkahögum í innbyrðis samskiptum þeirra í samfélaginu. Ríkisvaldið er ekki aðeins bundið við að veita refsivernd í þessum málum heldur ætti einnig að binda í viðkomandi löggjöf skýrar reglur um hvernig staðið sé að öflun, varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga hvort sem um er að ræða vinnslu einkaaðila eða hins opinbera á upplýsingunum. Samofið og til styrktar þessum reglum væri réttindum einstaklinga um persónuvernd veitt vernd undir refsheimildum gegn þeim aðilum sem brjóta á þeim. Samhliða vaxandi tækniframförum þá sérstaklega þegar viðkemur öflunar og miðlunar hvers

¹⁶ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls 33.

kyns upplýsinga má segja að mikil þörf hafi verið á ákveðnum reglum um þetta svið og að á síðustu áratugum hafi sú þörf aðeins aukist.¹⁷

Þær hugleiðingar og rök sem rakin voru hér að ofan upp úr frumvarpi til stjórnskipunarlaganna 97/1995 eiga ekki síður við enn þann dag í dag hvað varðar skráningu hins opinbera sem og einkaaðila á upplýsingum er snúa að persónulegum högum almennings. Sú hugsun sem er á bakvið þessar athugasemdir hefur gefið því ákvæði sem nú er að finna í stjórnarskrá Íslands rými til þess að ná yfir þá upplýsingatækni sem hefur þróast frá innleiðingu ákvæðisins. Það mun koma fram á skýran hátt í kaflanum á eftir sem mun fjalla um pvpr og þróun persónuverndarlaga á Íslandi. En fyrst mun vera fjallað á aðeins ýtarlegri hátt um persónuupplýsingar og vinnslu þeirra almennt.

Stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi einkalífs gerir ráð fyrir því að skylda hvíli á ríkinu til að forðast afskipti af einkalífi manna, þ.m.t. hvað varðar persónuupplýsingar þeirra. Það nægir þó ekki til þess að menn fái í reynd notið friðhelgi einkalífs og því ber ríkinu skylda til að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra.¹⁸

1.2 Persónuupplýsingar og viðkvæmar persónuupplýsingar.

Þegar fjallað er um varðveislu á gögnum hins opinbera er nauðsynlegt að skilgreina hvað átt er við með persónugreinanlegum upplýsingum. Í orðskýringum 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. lppv. er persónuupplýsingum lýst sem upplýsingum „um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling...“¹⁹. Slíkar upplýsingar væru m.a. nafn, kennitala, sem og líkamleg einkenni svo sem lífeðlisfræðilegir, erfðafræðilegir, andlegir svo og menningarlegir eða félagslegir þættir. Einnig er vert að bæta því við að vegna mikillar tækniþróunar sem samfélagið býr við vegna upplýsingaaldar sé nauðsynlegt að undir skilgreiningunna falli einnig atriði eins og staðsetningargögn og netauðkenni.

Í greinargerð með frumvarpinu sem síðar varð samhljóða að lppv, nánar tiltekið lögskýringar um fyrrnefnda 3. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að:

¹⁷ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls 33 – 34.

¹⁸ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 - 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

¹⁹ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Kjarni persónuupplýsingahugtaksins lýtur að því að upplýsingar megi rekja til einstaklings, beint eða óbeint. Til þess að upplýsingar séu persónugreinanlegar (rekjanlegar) skal tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er að hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling.²⁰

Þó svo að hugtakið sjálft sé hægt að túlka rúmt á það einungis við þær upplýsingar um einstakling að því leyti að unnt sé að persónugreina hann með einhverju móti og er í greinargerð með frumvarpi til þvpv þess getið að bæði er átt við einstaklinga sem eru á lífi og að einhverju marki þá sem látnir eru að því er eðlilegt þykir að leynt fari hverju sinni. Ekki er verið að tala um upplýsingar um aðrar lögpersónur svo sem stofnana eða fyrirtækja og verður því hér eftir aðeins átt við persónuupplýsingar og persónugreinanleg gögn með ofangreindri túlkun. Hugtakið á því við um upplýsingar um persónulega hagi sem hefur verið safnað saman og varðveittar.²¹

Í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. þvpv er tiltekinn undirflokkur persónuupplýsinga og skilgreindir ákvæðið þær upplýsingar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Undir ákvæðið falla upplýsingar um:

- a. *Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.*
- b. *Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.*
- c. *Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.*
- d. *Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.*
- e. *Lífkennaupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með*

²⁰ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 - 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

²¹ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 - 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.²²

51. liður í formála pvpr tekur til þess að fyrrnefndar upplýsingar séu af því tagi að vera sérstaklega viðkvæmar í eðli sínu. Nánar verður farið í innleiðingu pvpr í EES-samninginn í síðari kafla. Þar er því haldið fram að vinnsla þeirra varði í raun grundvallar mannréttindi og mannfrelsi einstaklinga, geti hún því haft í för með sér mikla áhættu fyrir þau réttindi einstaklingsins og því rétt að slíkar upplýsingar njóti sérstakrar verndar.²³

Það liggur samt sem áður fyrir að fyrrgreind upptalning viðkvæmra persónuupplýsinga getur ekki verið tæmandi þar sem aðrar upplýsingar en þær sem taldar voru upp gætu verið viðkvæmar fyrir þann einstakling sem á hlut að máli hverju sinni og ávallt þyrfti að taka tillit til slíkra frávíka við efnislega framkvæmd mála.²⁴

Nánar verður fjallað um hvað vinnsla persónuupplýsinga felur í sér og þau skilyrði sem fyrir henni eru hér í kaflanum á eftir.

1.3 Vinnsla persónuupplýsinga.

Í þessum kafla mun hugtakinu „vinnsla persónuupplýsinga“ verða gerð skil í aðalatriðum, ekki gefst ráðrúm til þess að fara í saumana á öllu því sem í hugtakinu er fólgið en aðeins því sem nauðsynlegt er til þess að efni þessarar ritgerðar skili sér til lesanda á sem einfaldastan hátt.

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga snúa að almennri löggjöf sem gildir um alla aðila í samfélaginu. Ná lögin að því leyti til bæði einkaaðila sem þess opinbera án þess að gerður sé greinarmunur þar á að jafnaði.²⁵

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd skilgreinir vinnslu persónuupplýsinga sem:

²² Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

²³ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

²⁴ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

²⁵ Þskj. 1281, 148. lögþ. 2017 - 18. Mál: *Nefndarálit frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

*Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.*²⁶

Í greinargerð frumvarpsins sem varð að lþvp um ofangreint ákvæði er það tekið fram að vinnsla sé eitt af lykilhugtökum í persónuvernd þegar horft er til þess regluverks sem fyrir er og því beri að túlka orðið rúmt. Hugtakið tekur því til almennrar meðferðar persónuupplýsinga óháð því hvaða aðferð sé notuð, á þetta því við bæði um sjálfvirka sem og handvirka vinnslu. Á meðan vinnsla persónuupplýsinga fellur undir efnislegt gildissvið 4. gr. persónuverndarlaganna á ofangreind skilgreining við.²⁷

Vinnsla persónuupplýsinga skv. lþvp og pvpr er sett upp eftir ákveðnum meginreglum sem eru taldar upp í 8. gr. lþvp sem og 5. gr. pvpr og eru ákvæðin efnislega samsvarandi. Þær meginreglur sem hér um ræðir eru „lögmætisreglan, tilgangsreglan, meðalhófsreglan, áreiðanleikareglan og varðveislureglan“.²⁸ Þessar meginreglur hafa fylgt persónuverndarlöggjöf um langt skeið en með pvpr komu einnig nýmæli sem lögfest voru með núverandi persónuverndarlöggjöf og eru það svokölluð öryggisregla sem og að mælt er fyrir vissri ábyrgðarskyldu þeirra sem ábyrgir eru fyrir persónugreinanlegum upplýsingum.

Þessar meginreglur stuðla að því að settar eru þröngar skorður á vinnsluaðila persónugreinanlegra upplýsinga og gera það því að verkum að auka öryggi þess skráða til þess að gengið sé úr skugga um að upplýsingar séu ekki skráðar að óþörfu eða of ítarlega.

Í orðskýringum 6. tölul 1. mgr. 3 gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er kveðið á um hugtakið ábyrgðaraðili en þar segir að hann sé „*Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.*“²⁹

²⁶ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

²⁷ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

²⁸ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

²⁹ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

M.ö.o.þá er ábyrgðaraðili sú lögpersóna sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga, ákveður aðferð við vinnsluna, tilgang hennar o.s.frv. Feli ábyrgðaraðili öðrum vinnslu persónuupplýsinganna ber hann áfram ábyrgð á vinnslunni á meðan hann heldur ákvörðunarvaldi yfir vinnslunni. Ábyrgðaraðili þarf að hafa aðildarhæfi fyrir lögum til þess að gera svarað fyrir vinnsluna ef svo ber undir.³⁰

Sá sem ábyrgðaraðili felur vinnslu upplýsinganna sbr. því sem áður var talið, nefnist vinnsluaðili sbr. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna og er skilgreindur sem „*Einstaklingur eða lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.*“³¹

Vinnsluaðili getur t.d. verið aðili sem kemur að þróun upplýsingakerfa eða viðheldur hugbúnaði sem sér um sjálfvirka vinnslu eða varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga eða hefur á einhvern hátt aðgang að þeim.³²

2. Almenna persónuverndarreglugerðin.

2.1 MDE, Google inc. gegn Spáni, 13. maí 2014 (C-131/12).

Þegar greina á hluti er gott að hafa upphafspunkt fyrir umfjöllunarefnið, með aukinni tæknivæðingu í vestrænu samfélagi á undanförunum áratugum og hugmyndir um rétt manna til þess að hafa stjórn á upplýsingum um þá sem gerðar hafa verið opinberar hefur sá upphafspunktur verið talinn dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-131/12 frá 13. maí 2014.

Dómurinn sem hér á eftir verður reifaður í stuttu máli varðar túlkun á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB sem innleidd var með lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en þau lög voru felld úr gildi árið 2018. Þau eru efnislega svipuð 20. gr. eins og kveðið er á um í lppv. Þeim ákvæðum verður gerð nánari skil í seinni köflum ritgerðarinnar.

³⁰ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

³¹ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

³² Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

Í dómi MDE, *Google inc. gegn Spáni, 13. maí 2014 (C-131/12)* hafði aðili M sett fram kvörtun til *Agencia Española de Protección de Datos* eða AEPD sem er systurstofnun íslensku Persónuverndar á Spáni. Kvörtunin varðaði það að nafn M var meðal leitarniðurstaðna þegar slegið var inn í leitarvél Google atriði sem tengdust umfjöllun um uppboð vegna fjárnáms. AEPD fór fram á það við útibú Google á Spáni að umræddum upplýsingum yrði eytt til þess að uppfylla ákvæði spænskra landslaga. Google mótmælti því að fyrirtækinu væri skylt að eyða gögnunum þar sem að engin vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga færi fram í útibúinu á Spáni heldur færi öll vinnsla í virkni leitarvélarinnar sjálfrar fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Hélt Google því fram að vegna þessa væri ekki hægt að gera þeim skylt að eyða gögnunum byggt á spænskum lögum.³³

Spænskir dómstólar sem höfðu málið til meðferðar ákváðu að fara fram á forúrskurð Evrópudómstólsins og beina spurningum til hans um hvernig túlka bæri tiltekin ákvæði tilskipunarinnar vegna þessa. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt þeim skilningi sem lagður hefði verið í c. másl. 2. gr. og 1. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46 bæri að túlka hugtakið vinnsla á þá leið að það næði yfir vinnslu leitarvéla sem hefði þá virkni að m.a. hafa upp á og sýna útgefnar persónuupplýsingar. Yrði sá lögaðili er ræki slíka leitarvél álitinn ábyrgðaraðili og öll sú vinnsla sem gerð er í tengslum við starfsemi hans á ákveðnum yferráðasvæðum myndi þar af leiðandi heyra undir viðkomandi landslög.³⁴

Í þessum dómi Evrópudómstólsins er þeirri spurningu velt upp hvort upplýsingar sem unnar voru af fyrirtæki í hagnaðarskyni ættu að vera aðgengilegar eða hvort að um brot á réttindum einkalífs væri að ræða. Taldi dómstóllinn að hagsmunir einstaklingsins vægju þyngra en viðskiptahagsmunir Google eða réttur almennings til upplýsinga. Slíkar ákvarðanir þyrfti samt ávallt að taka á grundvelli hvers tilviks fyrir sig. Samt sem áður var því einnig svarað í dómnum hvort að tilskipunin veitti einstaklingum vissan rétt til þess að falla í gleymsku með því að eiga þess kost að upplýsingum um þá yrði lokað eða eytt jafnvel þó svo að þær hefðu verið skráðar á réttmætan og löglegan hátt. En eins og áður sagði þyrfti að skoða hvert mál fyrir sig þar sem að í einhverjum tilvikum þætti það réttlæt看legt að skerða slík grundvallarréttindi sem rétturinn til

³³ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls. 536

³⁴ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls. 536

einkalífs er, vegna hagsmuna í almannabágu að hafa upplýsingarnar aðgengilegar t.d. ef að viðkomandi gegndi opinberri stöðu í samfélaginu.³⁵

2.2 Aðdragandi þess að almenna persónuverndarreglugerðin.

Með Lissabon-sáttmálanum sem tók gildi 1. desember 2009 voru gerðar breytingar á stofnsamþykktum Evrópusambandsins. Vegna þessa hófst undirbúningur að því að endurskoða það regluverk sem hafði verið í gildi á sviði persónuverndar. Þar á meðal var vinna við það að leggja grunninn að nýjum ákvæðum sem tækju á inntaki 16. og 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. En í þeim var sá réttur tryggður að einstaklingar ættu rétt á því að persónuupplýsingar um þá nyttu verndar og einnig var þar mælt fyrir um að Evrópuþingið og -ráðið skyldu setja reglur um vernd þeirra sem um ræddi með því markmiði að vinnsla á vegum stofnana sem og aðila á vegum sambandsins og aðildarríkjanna vegna starfsemi sem félli undir lög sambandsins, svo og reglur um frjálsa miðlun slíkra gagna. Þar er einnig tekið á þeim almennu aðgerðum Evrópuþingsins og -ráðsins sem eiga að vinna að samræmingu á þeim ákvæðum laga og stjórnisýslufyrirmælum í viðkomandi aðildarríki sem beinast að stofnun og starfsemi innri markaðarins.³⁶

Það var svo ekki fyrr en árið 2012 sem að fyrstu tillögur að heildarendurskoðun á löggjöf er varðaði vernd persónuupplýsinga komu fram. Áttu þær að stuðla að bættri löggjöf sem gæti betur tekið á þeirri breytingu sem hafði orðið á samfélögum Evrópusambandsins með mikilli og hraðri framþróun í upplýsingatækni frá þeim tíma sem tilskipunin var sett.

Úr varð að pvpr um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga var samþykkt þann 14. apríl 2016 og leysti þar með af hólmi tilskipun 95/46/EB. Pvpr kom til framkvæmdar innan Evrópusambandsins 25. maí 2018.³⁷ Skv. ákvæðum EES-samningsins beið það verkefni íslenskra stjórnvalda að lögfesta pvpr í landslög á Íslandi og verður að því vikið í kaflanum um lögleiðingu hennar hér síðar í ritgerðinni

³⁵ Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög* (Fons Juris 2015), bls. 536

³⁶ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

³⁷ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

2.3 Markmið almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Almennar athugasemdir sem fylgdu frumvarpi því sem síðar átti eftir að verða að lppv og þar með innleiða ákvæði pvpr fjallar ítarlega um þau markmið sem reglugerðinni er ætlað að ná.

Kemur þar fram að í grunnin séu meginmarkmið pvpr í raun tvíþætt. Hið fyrsta er réttindamiðað og byggir á því að þó svo að tilskipunin 95/46/EB hafi á þeim tíma ennþá stuðlað að þeim markmiðum sem henni var ætlað að uppfylla, hafði ekki verið hægt að sporna við sundurlausri framkvæmd persónuverndar innan sambandsins eða réttaróvissu við meðferð persónuupplýsinga í tengslum við útbreiddari netnotkun og þróun upplýsingatækninnar. Löggjöfinni mundi fylgja áherslubreyting sem átti m.a. að tryggja aukinn rétt til þess að fá upplýsingum eytt af veraldarvefnum sem og rétt til að gleymast en sá réttur myndi t.d. fela í sér að geta farið fram á það við netþjónustuaðila að þeir fjarlægji, án tafar, persónuupplýsingar sem þeir hafa safnað um einstaklinga. Mikill samhljómur er í þeim rétti sem pvpr á að tryggja og dómi Evrópudómstólsins í máli *C-131/12* sem reifaður var hér í fyrri kafla. Þau lög sem aðildarríki sambandsins hafi sett í kjölfar tilskipunarinnar hafi verið mismunandi að uppbyggingu og hefðu þau haft í för með sér mismikla vernd persónuupplýsinga í aðildarríkjunum og gæti það haft í för með sér hindrun á frjálsu flæði persónuupplýsinga um sambandið og gæti það komið niður á atvinnustarfsemi og raskað samkeppni á milli aðildarríkja sem og gert yfirvöldum erfitt að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum sambandsins enda hafi aðildarríkin mikið svigrúm til túlkunar á framkvæmd tilskipunarinnar.³⁸

Seinna markmiðið var til þess fallið að tryggja einstaklingum innan aðildarríkjanna samræmda og öflugra vernd á persónuupplýsingum sínum einkum með tilliti til óhefts flæðis persónuupplýsinga innan sambandsins en til þess að hægt sé að tryggja slíkt flæði hefði þurft að tryggja það að vinnsla slíkrar upplýsinga myndi lúta sambærilegum lögum og regluverki innan hvers aðildarríkis fyrir sig. Einnig er nauðsynlegt að það komi fram að þegar vinnsla persónuupplýsinga sem gerð er í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu vegna framkvæmdar verka í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem viðkomandi ábyrgðaraðili fer með skyldi sá réttur tryggður að

³⁸ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

viðhalda eða innleiða ný ákvæði í landslög til að geta áfram unnið af hendi þau lögbundnu verkefni.³⁹

2.4 Innleiðing reglugerðarinnar.

2.4 a ástæða lögfestingar.

Reglugerðir ESB hafa bein réttaráhrif í ríkjum sem eiga aðild að sambandinu. Það felur í sér að þegar þeirra geta sótt rétt sinn samkvæmt ákvæðum reglna sambandsins fyrir dómstólum aðildarríkanna á sama hátt og um væri að ræða landslög sett af viðkomandi þjóðþingum. Að því leyti hafa aðildarríki Evrópusambandsins framselt löggjafarvald sitt. Þetta fyrirkomulag gildir ekki í EFTA-ríkjunum innan EES en til þess að einstaklingar geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins þar á meðal þeim reglugerðum sem sambandið setur, verða ákvæði þeirra að vera leidd í landslög.⁴⁰

Samkvæmt a-lið 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem öðlaðist gildi með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til þess að fara eftir þessum reglum um gerðir innan Evrópusambandsins en í ákvæðinu segir m.a. að:

„Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

*a. gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila”.*⁴¹

Tryggir þetta ákvæði að eitt af þeim markmiðum pvpr sem fjallað var um hér í kaflanum á undan næði fram að ganga þ.e. að tryggja sameiginlegt og sambærilegt regluverk um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í innri markað Evrópusambandsins.⁴²

³⁹ Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

⁴⁰ Þskj. 1, 116. lögb. 1992 – 93. Mál: *Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.*

⁴¹ Lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið

⁴² Þskj. 1029, 148. lögb. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

2.4 b. meðferð máls á Alþingi.

Þann 28. maí 2018 var lagt fram á Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra Sigríðar Á. Andersen til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.⁴³

Þá hafði þegar verið lögð fram þingsályktunartillaga í þeim tilgangi að veita ríkisstjórninni heimild til þess að staðfesta fyrir hönd Íslands ákvörðun EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn pvpr og um leið niðurfellingu á tilskipun 95/46/EB. Þá lágu fyrir drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku á pvpr í EES-samninginn og voru sömu drög í umsagnarferli hjá stofnunum Evrópusambandsins sem ekki hafði verið lokið þegar frumvarpið var lagt fram á þingi. Mikið lá á að samþykkja frumvarpið og að það yrði að lögum á sem allra skemmstum tíma þar sem að umrædd reglugerð kom til framkvæmdar í aðildarríkjum Evrópusambandsins 25. maí 2018. Var því þá hætt á því að ósamræmi myndi skapast á reglum EFTA-ríkjanna á innri markaði Evrópusambandsins og gæti af því marki valdið vandkvæðum á miðlun upplýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu.⁴⁴

Við þær sérstöku aðstæður sem sköpuðust á þingi vegna þessa þurfti þingið að veita ríkisstjórninni fyrirfram heimild til þess að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara EES-nefndarinnar um upptöku pvpr í samninginn á meðan formleg ákvörðun EES-nefndarinnar lá ekki fyrir.⁴⁵

Við þessar aðstæður bættist gagnrýni stjórnarandstöðunnar á Alþingi vegna þess hversu seint málið hefði komið fram þegar svo stutt væri eftir af þinginu sem og að gildistakan innan Evrópusambandsins hefði þá þegar komið til framkvæmdar. Var ríkisstjórnin sökuð um seinangang í málinu þar sem mikil undirbúningsvinna lægi fyrir hjá fyrirtækjum og stofnunum við innleiðingu á reglugerðinni eins og sjá má á fréttaflokkningi Ríkisútvarpsins daginn sem málið var flutt á Alþingi 29.05.2018:

Þetta er sleifarlag, það er margbúið að kalla eftir þessu máli, það er margbúið að spyrja hæstvortan dómsmálaráðherra hvort að málið fari ekki að koma inn á þingið,“ sagði Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir,

⁴³ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

⁴⁴ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

⁴⁵ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

Þingflokksformaður Pírata, tók í sama streng. „Og málið sem hefur legið fyrir mjög lengi, það er ekkert endilega það sama og er í þessum 147 síðna bæklingi sem við höfum fengið í hendur í dag.“

Það er vitanlega búið að liggja fyrir að þetta mál þurfi að koma fyrir þingið en hvaða slóðaskapur er þetta og kannski er slóðaskapur gífurlyri, hæstvirtur forseti, ég veit það ekki,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins.

„Ég segi það ég held að það sé ekki hægt að beita miklum gífurlyrum í þessari umræðu ég hef ekki séð jafn mikla fádæma vanvirðingu fyrir þinginu og hér er á ferðinni,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar.⁴⁶

Í greinargerð með frumvarpinu var tekið fram hvaða breytingar yrðu á regluverkinu um persónuvernd þegar það yrði að lögum. Meðal þess var „rétturinn til að gleymast“ sem er orðaður sérstaklega, en hann tryggir rétt hins skráða til að upplýsingar um hann verði afmáðar þegar þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Frá þessum rétti eru þó undantekningar, þar á meðal á grundvelli almannahagsmuna. Þarna var verið að vísa til 17. gr frumvarpsins en nánar verður fjallað um ákvæði þau sem hafa að geyma réttinn til að gleymast í næsta kafla.⁴⁷

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi komu fram þau sjónarmið í allsherjar- og menntamálanefnd að eftir gildistöku fyrirhugaðra laga væri nauðsynlegt að skilgreining á réttinum til að gleymast yrði ítarlegri. Sá misskilningur væri útbreiddur í stjórnisýslunni eftir að pvpr leit dagsins ljós 2016 að með lögfestingu hennar yrði afhendingarskyldum aðilum sbr. 14. gr. lops, gert heimilt að beiðni einstaklinga eða jafnvel skylt að eyða persónuupplýsingum sem myndast höfðu í starfsemi þeirra. Einstaklingar muni þá hafa rétt á því að óska eftir því að upplýsingum sem myndu falla undir þau

⁴⁶ Innland frétt. 29.05.2018. *Segir að litlu verði breytt í þingsal.* <http://www.ruv.is/frett/segir-ad-litlu-verdi-breytt-i-thingsal> [Sótt 30.03.2019]

⁴⁷ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

ákvæði sem tilgreina rétt einstaklings yfir persónugreinanlegum upplýsingum um hann innan nýju laganna yrði eytt úr skjalasöfnum þeirra opinberu stofnanna sem ættu í hlut.⁴⁸

2.5 Ákvæði í lögum um persónuvernd og reglugerðinni sem fjalla um réttinn til að gleymast.

Til þess að leysa úr því álitaefni hvort um rétta túlkun sé að ræða á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem lýst er hér að framan er nauðsynlegt að skoða þau ákvæði sem lúta að réttinum til að gleymast í lppv og pvpr.

Í almennum athugasemdum frá allsherjar- og menntamálanefnd við frumvarp það sem síðar varð að lppv kemur fram að lögin verði skilgreind á þann hátt að vera almenns eðlis þar sem að þau ná til allra aðila samfélagsins en ekki til afmarkaðs hóps eða verkefnis eins og t.d. aðeins til stjórnslunnar eða þá aðeins til almennings heldur heilt yfir.⁴⁹

Í 65. lið formála pvpr er vikið að þeim rétti sem skráður einstaklingur skal eiga bæði til leiðréttinga er varðar persónuupplýsingar um hann sjálfan sem og vissan rétt til þess að falla í gleymsku, brjóti varðveisla slíkra upplýsinga gegn þeim ákvæðum sem í reglugerðinni felast sem og almenn lög er ábyrgðaraðili vinnslunnar fellur undir.⁵⁰

Þarna kemur strax fram að það eru takmarkanir fyrir réttinum til þess að gleymast í reglugerðinni sjálfri þar sem skýrt brot á þeim þarf að vera til staðar til þess að rétturinn eigi við eða þá að varðveisla gagnanna sé ekki nauðsynleg lengur og því gefið svigrúm fyrir mögulegar heimildir um vinnslu persónuupplýsingar þar sem þessi réttur hreinlega ætti ekki við.

Enda segir jafnframt í sama lið formálans að varðveisla persónuupplýsinga eigi að vera lögmæt m.a. ef hún er til þess fallinn að uppfylla rétt til upplýsingafrelsis, til þess að inna af hendi lagaskyldu vegna lögbundins verkefnis svo sem vegna skjalavistunar í almanna þágu sem og vegna

⁴⁸ Þskj. 1281, 148. lögþ. 2017 - 18. Mál: *Nefndarálit frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

⁴⁹ Þskj. 1281, 148. lögþ. 2017 - 18. Mál: *Nefndarálit frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

⁵⁰ Council Regulation (EC) 2016/679 of 27. April 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data... OJ L119/1 <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32016R0679> [skoðað 9.4.2019]

ýmissa rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði. Einnig til þess að hægt sé að stofna til, verja eða hafa uppi kröfur er viðkoma réttindum einstaklinga, og þá helst kröfur sem uppi gætu orðið vegna afskipta ríkisvaldsins af borgurum sínum eða öðrum samskiptum sem almenningur hefur við hið opinbera.⁵¹ En nánar verður fjallað um þær undanþágur sem gilda frá réttinum til að gleymast síðar í þessum kafla.

Í 1. mgr. 20. gr. lþvp. er m.a. kveðið á um rétt til leiðréttingar, eyðingar, flutnings eigin gagna, með öðrum orðum er þar kveðið á um réttinn til að gleymast, en þar segir að: „Hinn skráði á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar svo og rétt til að ábyrgðaraðilinn eyði persónuupplýsingum um hann án ótilhlýðilegrar tafar (réttur til að gleymast)...”.⁵²

Ein almenn grunnregla regluverks um persónuvernd hefur verið sú að einstaklingar eigi rétt á því að hafa umráð yfir persónugreinanlegum upplýsingum um sig og kemur það m.a. fram í 14. gr. tilskipunarinnar 95/46/EC. Í því ákvæði er kveðið á um rétt hins skráða til þess að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig undir vissum kringumstæðum.⁵³ Í þeim lögum sem sett voru á grundvelli tilskipunarinnar er einnig að finna ákvæði sem taka á þessu efni þ.e. ákvæði 25. og 26. gr. brottfallinna laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í þeim ákvæðum var kveðið á um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi persónuupplýsinga sem og eyðingu og bann við notkun þeirra persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.⁵⁴ Sýnir það að yfirráð einstaklings yfir persónugreinanlegum gögnum um hann sjálfan er ekki nýtt af nálinni með pvpr og lþvp þó svo að rétturinn til að gleymast hafi ekki verið settur fram með berum orðum í texta eldri regluverks.

Eins og áður segir er rétturinn til þess að gleymast lögfestur í 20. gr. nógildandi persónuverndarlaga, ákvæði þeirrar greinar er samt sem áður að uppbyggingu líkt ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar að því leyti að það er almenns eðlis og fer ekki nánar út í það hvað felst í þessum réttindum heldur endurspeglar ákvæðið þau réttindi sem talin eru upp í 16. – 20. gr. reglugerðarinnar enda er vísað

⁵¹ Council Regulation (EC) 2016/679 of 27. April 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data... OJ L119/1 <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32016R0679> [skoðað 9.4.2019]

⁵² Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

⁵³ Council Directive 95/46/EC of 24. October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data. OJ L281/31. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A31995L0046> [skoðað 11.4.2019]

⁵⁴ Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

til þeirra ákvæða í 20. gr. laganna og er þeirri grein ekki ætlað að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar þar sem þau gefa rétta sýn og yfirlit yfir réttindi hins skráða og gera því skil á ítarlegan hátt hvað felst í þessum réttindum.⁵⁵

Þó svo að 20. gr. lþvp. vísi til 16. – 20. gr. reglugerðarinnar er rétt að skoða nánar 17. gr. hennar sem tiltekur réttinn til eyðingar (réttur til að gleymast).

Í 1. tölul. greinarinnar segir orðrétt „Skráður einstaklingur skal eiga rétt á að ábyrgðaraðilinn eyði persónuupplýsingum er hann varða án ótilhlýðilegrar tafar...“.⁵⁶

Jafnframt er tekið fram að persónugreinanlegum upplýsingum skal eyða án ótilhlýðilegrar tafar ef vissar aðstæður eru uppi varðandi vinnslu þeirra. Þær aðstæður eru ef upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar vegna þess tilgangs sem þeim var upphaflega safnað fyrir eða annarri vinnslu þeirra, ef sá sem upplýsingarnar eiga við hefur dregið til baka samþykki sitt sem viðkomandi vinnsla byggist á skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. eða a-liðar 2. mgr. 9 gr. reglugerðarinnar á meðan annar lagagrundvöllur finnst ekki fyrir vinnslunni. Einnig getur hinn skráði andmælt vinnslunni á upplýsingunum skv. 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar en þar kemur aftur til álita hvort að fyrir hendi séu lögættar ástæður þess að halda vinnslunni áfram sem teljast vera rétthærri heldur en andmælaréttur hins skráða eða þá jafnvel að vinnsla persónuupplýsinganna hafi verið ólögætt frá upphafi. Einnig eru fyrir hendi í ákvæðum greinarinnar viss skylda til þess að eyða persónuupplýsingum ef til staðar eru lög sem viðkomandi ábyrgðaraðili fellur undir sem kveða á um nauðsyn þess að eyðing gagnanna fari fram. Að lokum á 1. mgr. 17. gr. við ef að persónuupplýsingunum hafi verið safnað í tengslum við boð um þjónustu vegna samþykkis barns sem um getur í 8. gr. reglugerðarinnar.⁵⁷

Í 2. mgr. 17. gr. þvpr er tekið á þeim ráðstöfunum sem ábyrgðaraðila ber að grípa til í þeim tilvikum þar sem persónugreinanlegar upplýsingar hafa fyrir hans tilstilli verið gerðar opinberar svo sem að afmá þær skv. 1. mgr. 17. gr. er honum skylt að gera eðlilegar ráðstafanir með hliðsjón af fyrirliggjandi tækni og framkvæmd að upplýsa þá ábyrgðaraðila sem vinna með upplýsingarnar sem við eiga í þessum tilvikum að hinn skráði hafi farið fram á það að eyða skuli eða gera óaðgengilega hvers kyns tengla í eða afrit eða eftirmyndir af viðkomandi persónugreinanlegum

⁵⁵ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

⁵⁶ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

⁵⁷ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

upplýsingum.⁵⁸⁵⁹ Er með þessu ákvæði verið að rýmka réttinn til eyðingar gagna þannig að sá sem ábyrgð beri á vinnslunni, beri einnig ábyrgð á því að stuðla að réttindum einstaklinga til þess að gleymast í netumhverfi nútíma samfélaga. Segja má að ofangreint ákvæði 17. gr pvpr endurspegli dóm Evrópudómstólsins nr. C-131/12 frá 13. maí 2014 sem oft er talið vera fyrsta staðfesting á réttindum einstaklinga til þess að falla í gleymsku að beiðni hans sjálfs og reifaður var hér í fyrri kafla.

Eins og tekið hefur verið fram hér að ofan eru vissar undantekningar frá réttinum til að gleymast sem mikilvægt er að halda til haga í umræðu um eyðingu gagna til þess að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Ákvæði 3. mgr. 17. gr. pvpr kveður á um að ákvæði 1. og 2. mgr. 17. gr gildir ekki að því marki sem vinnsla persónugreinanlegra upplýsinga sé nauðsynleg, nánar tiltekið að ekki verði hjá vinnslunni komist:

a) til að neyta réttarins til tjáningar- og upplýsingafrelsis, b) til að uppfylla lagaskyldu um vinnslu sem hvílir á ábyrgðaraðilanum samkvæmt lögum Sambandsins eða lögum aðildarríkis og krefst þess að unnið sé með persónuupplýsingar eða vegna verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með, c) með skírskotun til almannahagsmuna á sviði lýðheilsu í samræmi við h- og i-lið 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 9. gr. [reglugerðarinnar], d) vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi í samræmi við 1. mgr. 89. gr [reglugerðarinnar], að því marki sem líklegt er að rétturinn, sem um getur í 1. mgr., geri það ómögulegt eða hamli því verulega að markmiði þeirrar vinnslu náist eða e) til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.⁶⁰

Í þessum kafla var rætt um aðdraganda þess að pvpr var sett sem og að markmið með setningu hennar voru reifuð. Jafnframt var farið yfir lögleiðingu reglugerðarinnar í landslög sem og þeim ákvæðum er hafa að geyma réttinn til að gleymast voru gerð góð skil.

⁵⁸ Þskj. 1029, 148. lögþ. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga*.

⁵⁹ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

⁶⁰ Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Réttinum til að gleymast eru gerð góð skil í ákvæðum pvpr sem lögfest var í á Alþingi 27. júní 2018 og öðlaðist gildi 15. júlí sama ár. Einnig hefur komið í ljós að rétturinn til að gleymast er ekki án takmarkana. Ein af helstu takmörkun á réttinum til að gleymast má finna vegna skjalavörslu opinberra aðila í almannabágu og verður hér á eftir farið nánar í það regluverk sem gildir um skjalavörslu hjá opinberum aðilum. Reynt verður að sýna fram á það hvernig ákvæði sem kveðið er á um í lops tengjast réttinum til að gleymast og sýna fram á nauðsyn þess að vinnsla og varðveisla persónuupplýsinga hjá hinu opinbera hafi gott svigrúm til þess að inna að hendi lögbundin verkefni sín.

3. Opinber skjalavarsla.

Þróun leturs og stjórnsýslu í siðmenningu til forna leiddi til myndunar skjalasafna, en margt hefur breyst frá þeim tímum er Rómarveldi, Forn-Grikkjar og Hittítar fóru að færa ritaðar heimildir í opinberar byggingar af öryggisástæðum. Ef horfa skal til nútíma skjalasafna þarf að líta aftur til tíma frönsku byltingarinnar en Þjóðskjalasafn Frakklands var stofnað árið 1789. Með því var komin stofnun sem átti að stuðla að skilvirkri og heildstæðri skjalavörslu sem bæði náði yfir skjalasöfn sem þegar voru til og þeirra opinberu stofnana sem mynduðu þau til framtíðar. Með stofnun skjalasafns af þessari tegund var viðurkennt að ríkisvaldið bæri ábyrgð á varðveislu sögulegra heimilda.

Upprunareglan er sú grundvallarregla sem hefur hvað mestu áhrif á nútíma skjalavörslu opinberra stofnanna. Hún leit fyrst dagsins ljós á fyrri hluta 19. aldar en samkvæmt henni skulu skjalasöfn halda sér eins og þau voru mynduð í upphafi og þeim ekki skipt upp og raðað að nýju eftir öðrum kerfum sem ekki hafa tengsl við vinnslu mála þeirra þegar þau voru mynduð.

Stofnun Þjóðskjalasafns Íslands er að jafnaði rakin aftur til auglýsingar Hilmars Finsens landshöfðingja sem gefin var út 3. apríl 1882, og fékk núverandi nafn með lögum nr. 39/1915 um Þjóðskjalasafn Íslands. Í upphafi var það hlutverk Þjóðskjalasafnsins að taka við gögnum afhendingarskyldra aðila og stuðla að langtíma varðveislu þeirra en með nýjum lögum nr. 66/1985 breyttist hlutverk safnsins til muna og auk þess að vera geymslustaður fyrir gögn hins opinbera var safninu falið það hlutverk að hafa eftirlit með allri skjalavörslu stjórnsýslunnar. Meðal þess var

sérstaklega kveðið á um eyðingu gagna sem hluti af nútíma skjalavörslu og skyldi það framkvæmt undir eftirliti og handleiðslu Þjóðskjalasafns Íslands.⁶¹

Ný lög um skjalavörslu voru sett 28. maí 2014 og skerptu enn frekar á hlutverki Þjóðskjalasafns Íslands sem ekki aðeins varðveislustofnunnar heldur einnig sem framkvæmdaraðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar.

3.1 Opinber varðveisla skjala.

Í formála við greinargerð með frumvarpinu sem síðar varð að lops segir m.a. að Þjóðskjalasafn Íslands sé ekki venjulegt safn í almennri merkingu þessa orðs þar sem tilgangur safnsins er ekki eingöngu að varðveita skjöl til vitnisburðar um sögu þjóðarinnar. Þau gögn sem þar eru geymd koma mörg hver við mjög svo virka hagsmuni í þeim skilningi að þau hafa eða geta haft gildi fyrir almenning þar sem gögnin geta vel haft áhrif á réttarstöðu einstaklinga.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er, samhliða því að varðveita skjöl um sögu þjóðarinnar, að tryggja réttarstöðu þegnanna með því að varðveita á trygghan hátt mikilvæg gögn sem hafa að gera með réttindi ríkis, sveitarfélaga og almennings. Sem framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu annast Þjóðskjalasafn ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila sem lýtur að meðferð þeirra gagna sem ekki hafa enn verið afhent safninu og hefur einnig eftirlit með allri myndun gagna hjá hinu opinbera.⁶²

Í almennum athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að lögum um opinber skjalasöfn kemur það grundvallarsjónarmið fram að skv. ákvæði 24. gr laganna sé óheimilt að eyða skjölum úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila. Þessi regla sem sem mælir fyrir um algjört bann við eyðingu gagna gerir ráð fyrir því að túlka beri hugtakið um skjalasafn rúmt. Undir hugtakið falla því öll skjöl stjórnvalda í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna þar segir að skjal sé: „*Hvers konar gögn, jafn rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.*“⁶³, nema að afstaða hafi verið tekin til eyðingar þeirra sbr. 24. gr laganna. Ef stjórnvöldum væri í sjálfsvald sett að ákveða hvaða

⁶¹ Þskj. 403, 143. lögb. 2013-14. Mál: *Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.*

⁶² Þskj. 403, 143. lögb. 2013-14. Mál: *Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.*

⁶³ Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

skjöl væru fallin til langtíma varðveislu hefðu ákvæði 24. gr laga um opinber skjalasöfn litla þýðingu. Það væri í andstöðu við þær valdheimildir og hlutverk sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur verið falið sbr. 4. og 8. gr laganna.⁶⁴

Fram kemur í 1. tölul. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn að Þjóðskjalasafn Íslands skuli setja reglur og veita leiðbeiningar um hvernig skjalavörslu skuli háttað hjá hinu opinbera, hvort sem það er hjá ríki eða sveitarfélögum og öðrum afhendingarskyldum aðilum og skulu þær reglur sem settar eru staðfestar af ráðherra.⁶⁵

Einnig er vert að taka það fram að í 1. mgr. 23. gr. það ítrekað sem hér áður er nefnt að Þjóðskjalasafn Íslands skuli setja reglur um það hvernig skjalastjórn og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila skuli framkvæma.⁶⁶

Góð skjalavarsla felur í sér skipulögð vinnubrögð við meðferð og varðveislu skjala sem myndast hjá afhendingarskyldum aðilum. Með því er átt við að unnið sé eftir vönduðum og samþykktum aðferðum við skráningu skjala stofnunarinnar og að rekjanleiki gagna sem og breytingarsaga þeirra sé ljós. Einnig þarf að vera tryggt að endurheimt gagna sé auðveld þegar þörf er á þeim aftur eftir myndun þeirra.⁶⁷

Í 1. gr. laga um opinber skjalasöfn er greint frá markmiðum laganna en þau eru að „... tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi“.⁶⁸

Af markmiðum lops að dæma er samt sem áður ljóst að ekki er gert ráð fyrir því að öll skjöl sem koma við sögu við málsmeðferð hjá hinum opinbera séu varðveitt. Hins vegar gera lögin ráð fyrir því að aðeins þurfi að varðveita skjöl sem stuðla að þeim markmiðum sem sett eru fram í 1. gr. laganna.⁶⁹

⁶⁴ Kristín Benediktsdóttir, *Stjórnmál & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 337

⁶⁵ Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

⁶⁶ Kristín Benediktsdóttir, *Stjórnmál & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 333

⁶⁷ Þskj. 403, 143. Lögb. 2013-14. Mál: *Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn*.

⁶⁸ Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

⁶⁹ Kristín Benediktsdóttir, *Stjórnmál & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 332

3.2 Um skráningu mála og málgagna.

Mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum þurfa að vera skráð og skipulega varðveitt svo hægt sé að endurheimta upplýsingar um hvernig unnið var að niðurstöðu þeirra þegar þess gerist þörf. Endurheimt gagna hjá opinberum aðilum er grundvöllur þess að upplýsingaréttur almennings vegna samskipta þeirra við stjórnvöld sé virkur.⁷⁰ Reglan sem mælir fyrir skyldu um kerfisbundna skráningu þeirra mála sem fá meðferð hjá stjórnvöldum var fyrst lögfest í 22. gr. eldri upplýsingalaga nr. 50/1996.⁷¹ Í 36. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 var ákvæði um skráningu mála fellt inn í lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands í því markmiði að skylda til skráningar mála hjá hinu opinbera færi eftir lögum um Þjóðskjalasafn Íslands fremur en öðrum lögum í því skyni að tryggja eðlilega stjórnsýslu á þessu sviði.⁷² Eðlilegt hefur talist að skráning mála færi eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands þar sem eitt af hlutverkum safnsins á þeim tíma sbr. 2. tölul. 4. gr laganna var að hafa eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og ráðleggja þeim um starfsemi sína hvað þau varðar sem og sbr. 3. tölul. sömu greinar að setja reglur um m.a. myndun, frágang og afhendingu skjala afhendingarskyldra aðila.⁷³ Þegar ný lög um opinber skjalasöfn tóku gildi hélt innihald ákvæðisins um skráningu mála sér í 2. mgr. 23. gr. laganna en þar segir nú að „Afhendingarskyldum aðilum skv. 14. gr. er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr.“⁷⁴ en eins og áður hefur komið fram hefur Þjóðskjalasafn Íslands það hlutverk að setja reglur um þau mál sem snúa að skjalastjórnun og skjalavörslu í stjórnsýslu ríkis og sveitafélaga. Skráning mála hjá afhendingarskyldum aðilum var fest í reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 85/2018 um skráningu mála- og málgagna afhendingarskyldra aðila sem birtust í B-deild Stjórnartíðinda 29. janúar 2018.

Við setningu reglnanna hefur Þjóðskjalasafn Íslands m.a. litið til sambærilegra ákvæða í lögum og reglum á Norðurlöndunum. Í þeim eru tiltekin fá en nauðsynleg atriði um skráningu mála og málgagna hjá afhendingarskyldum aðilum. Í reglum um skráningu mála og málgagna er vikið að

⁷⁰ Greinargerð með reglum um skráningu mála og málgagna 85/2018.

https://skjalasafn.is/files/docs/Reglur_um_skraningu_mala_og_skjala_afhendingarskyldra_adila.pdf [skoðað 20.4.2019]

⁷¹ Þskj. 630, 120. lögb. 1995-96. Mál: *Frumvarp til upplýsingalaga*.

⁷² Þskj. 223, 141. lögb. 2012-13. Mál: *Frumvarp til upplýsingalaga*.

⁷³ Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

⁷⁴ Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

þeim tveim hugtökum og þau útskýrð á þá leið að mál séu „þau viðfangsefni eða úrlausnarefni sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá afhendingarskyldum aðilum.“⁷⁵, málgögn eru síðan skilgreind á þá leið að þau séu „hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings...“⁷⁶

Gildissvið laga um opinber skjalasöfn sem og reglna sem settar eru sbr. ákvæðum þeirra og koma að skráningu gagna hjá hinu opinbera er því víðfemt og nær yfir öll gögn sem hið opinbera notar við úrlausn mála, bæði ríkis og sveitafélaga sem og annara afhendingarskyldra aðila sbr. 14. gr laga um opinber skjalasöfn. Hér verður sjónum fyrst og fremst beint að skráningu málsaðila sbr. 4. tölul 3. gr. reglnanna en með málsaðila er átt við „þann eða þá aðila, einstaklinga eða lögaðila, sem teljast vera aðilar máls.“⁷⁷ Með skráningu mála og málgagna er verið að tryggja nauðsynlegt yfirlit yfir meðferð hvers máls hjá afhendingarskyldum aðilum og að samhengi skjala við stjórnsýslulega meðferð sé tryggt.⁷⁸ Með því eru réttindi almennings sem og stjórnsýslunnar í samskiptum sín á milli tryggð með öruggri leið til endurheimt gagna þegar á þeim þarf að halda ef t.d. þörf er á að tryggja réttaröryggi málsaðila.

⁷⁵ Reglur nr. 85/2018 um skráningu mála og málgagna. vefútgáfa stjórnartíðinda B [skoðað 15.4.2019]

⁷⁶ Reglur nr. 85/2018 um skráningu mála og málgagna. vefútgáfa stjórnartíðinda B [skoðað 15.4.2019]

⁷⁷ Greinargerð með reglum um skráningu mála og málgagna 85/2018.

https://skjalasafn.is/files/docs/Reglur_um_skraningu_mala_og_skjala_afhendingarskyldra_adila.pdf [skoðað 20.4.2019]

⁷⁸ Greinargerð með reglum um skráningu mála og málgagna 85/2018.

https://skjalasafn.is/files/docs/Reglur_um_skraningu_mala_og_skjala_afhendingarskyldra_adila.pdf [skoðað 20.4.2019]

3.3 Um grisjun gagna.

Lög um opinber skjalasöfn mæla ekki fyrir um það með beinum hætti hvaða skilyrði eða innihald skjöl skulu fullnægja til þess að þau séu varðveisluskyld, né veita þau afhendingarskyldum aðilum vald til þess að ákveða það sjálfir hvort eyða eigi gögnum í skjalasöfnum sínum eða hvort þau verði afhent og varðveislu hjá opinberu skjalasafni. Það skal því byggja á fyrirmælum, reglum og/eða ákvörðunum Þjóðskjalasafns og Þjóðskjalavarðar hvort varðveita skuli gögn í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.⁷⁹

Grisjun er hugtak sem notað hefur verið um eyðingu skjala úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila. Með hugtakinu er því átt við skipulega eyðingu skjala sem fram fer samkvæmt settum lögum og reglum er um það gilda.⁸⁰ Það er ein af höfuðskyldum afhendingarskyldra aðila og viðhalda skjalasöfnum sínum og varðveita með því opinber gögn sem endurspeglar þau verkefni sem leyst eru hjá þeim. Grisjun gagna er frávik frá meginreglunni um varðveislu og ber afhendingarskyldum aðilum að afla heimildar frá Þjóðskjalasafni Íslands ef ætlunin er að eyða gögnum úr skjalasafni viðkomandi aðila.⁸¹

Í fyrirmælum laga um opinber skjalasöfn er valdið til ákvörðunar þess hvaða skjöl ætti að eyða og hver ætti að varðveita í höndum Þjóðskjalasafns Íslands þ.e.a.s. á færi Þjóðskjalavarðar eða eftir atvikum með staðfestum reglum með atbeina ráðherra eins og minnst var á hér á undan.⁸²

Grisjun úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila lýtur lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna sem kveður á um að:

Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema það sé gert á grundvelli samþykktar Þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis.⁸³

⁷⁹ Kristín Benediktsdóttir, *Stjórnmál & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 333

⁸⁰ Njörður Sigurðsson, *Handbók um skjalavörslu sveitafélaga*, bls. 162

⁸¹ Þjóðskjalasafn Íslands, Grisjun: *Leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir um grisjun skjala*, bls. 5
<https://skjalasafn.is/files/docs/grisjun.pdf> [skoðað 20.4.2019]

⁸² Kristín Benediktsdóttir, *Stjórnmál & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 332

⁸³ Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Í frumvarpinu sem síðar varð að lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 segir um innihald 24. gr.:

Ákvæði greinarinnar svipar til 7. gr. gildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands en það hefur verið gert ítarlegra í ljósi reynslunnar. Af ákvæðinu leiðir að óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali nema sérstök lagaheimild standi til þess.⁸⁴

Í texta frumvarpsins er vísað til 7. gr. þágildandi laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, á grundvelli eru reglur ákvæðis 24. gr. laga um opinber skjalasöfn sem og 7. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands sambærileg. Í athugasemdum við 7. gr í frumvarpi sem síðar varð að lögum um Þjóðskjalasafn Íslands segir að:

Þessari grein er ætlað að girða fyrir það að stofnanir og embætti ónýti skjöl sín sjálf eftirlitslaust. Raunar má segja að af skyldu stofnana til að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl til varðveislu þegar tiltekinn tími er liðinn frá tilurð þeirra leiði það sjálfkrafa að óheimilt er stofnunum að takast á hendur ónýtingu skjala, en tryggara virðist eigi að síður að þetta sé tekið fram berum orðum.⁸⁵

Í 2. mgr. sama ákvæðis er kveðið á um að Þjóðskjalasafn Íslands skuli setja sérstakar reglur sem kveða á um förgun skjala hjá afhendingarskyldum aðilum eftir því sem hægt er. Erfitt gæti samt sem áður verið að setja reglur um eyðingu skjala sem gilda ættu fyrir alla afhendingarskylda aðila þar sem starfsemi þeirra getur verið jafn mismunandi og margþætt eins og þeir eru margir sem leiðir af sér ákveðna fjölbreytni í viðkomandi skjalasöfnum. En engu að síður gætu verið ýmsir samnefnarar á milli allra afhendingarskyldra aðila sem væru það almenns eðlis að unnt væri að festa í reglur, sbr. reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 627/2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnanna þeirra, það sem meðal annars er kveðið á um í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr að heimilt sé að eyða fylgiskjöllum bókhalds og undirgögnum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur.⁸⁶

⁸⁴ Þskj. 403, 143. lögb. 2013-14. Mál: *Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn*.

⁸⁵ Alþt. 1984-1985, A-deild, 2163.

⁸⁶ Reglur nr. 627/2010 um grisjun skjala hjá sveitafélögum.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=84b2c6ae-85ed-440a-ad7a-93e01d6fa7a3> [skoðað 18.04.2019]

Sérstakt lagaákvæði samkvæmt því sem nefnt er í 1. mgr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn er t.d. ákvæði 2. mgr. 12. gr laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð þar segir að:

Trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skal eytt að lokinni hagnýtingu þeirra nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna innan eða utan Hagstofunnar, en þá skal afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja.⁸⁷

3. og 4. mgr. sömu greinar laganna taka einnig til þess að ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands gildi ekki um trúnaðargögn til hagskýrslugerðar sem og að Hagstofunni sé skylt að setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu gagnanna þ.m.t. um eyðingu þeirra.

Þar sem um er að ræða lagabálk sem er sértækur innan stjórnisýslunnar í því skyni að hann tekur aðeins til starfa afmarkaðs málaflokks hins opinbera eru ákvæði 12. gr. laga um Hagstofu Íslands því sérstök lagaákvæði í skilningi 2. mgr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Í nefndarálit frá allsherjar- og menntamálanefnd við frumvarp það sem að lokum varð að lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn kemur skýrt fram að það séu meginsjónarmið með þessum lögum að Þjóðskjalasafn Íslands sé eina stofnun ríkisins sem annast vörslu opinberra gagna til frambúðar sem og sé því að jafnaði eina stofnunin sem hefur heimild til þess að taka ákvarðanir um eyðingu opinberra gagna.⁸⁸

Séu ekki fyrir hendi reglur eða sérstök lagaákvæði sem gefa skýra heimild um grisjun á vissum skjalaflokkum sbr. það sem rakið var hér að ofan fæst ekki heimild fyrir eyðingu gagna nema á grundvelli samþykkis Þjóðskjalavarðar sem fæst að undangenginni ákveðinni málsmeðferð innan Þjóðskjalasafns Íslands eftir að beiðni um grisjun hefur borist frá afhendingarskyldum aðila.⁸⁹ Ákvæði lops gefa Þjóðskjalasafni Íslands viðtækar heimildir er varða eyðingu gagna hjá opinberum aðilum og gæti ástæðan fyrir því verið sú að eyðing gagna er varanlegur gjörningur sem eins og áður segir getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir réttaröryggi þeirra sem eiga hlut að máli, ekki einungis almennings heldur einnig stofnananna sjálfra sem og annarra lögaðila. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að tryggja rétta málsmeðferð þegar kemur að eyðingu gagna úr

⁸⁷ Lög nr. 163/2007 um hagstofu Íslands.

⁸⁸ Þskj. 946, 143. lögb. 2013-14. Mál: Nefndarálit frá allsherjar- og menntamálanefnd um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.

⁸⁹ Þjóðskjalasafn Íslands, *Skjalafréttir*. 4. tbl. 29. 3. 2019.

https://mailchi.mp/32400ed9af7f/r829nw0pon?e=a6f02a30b9&fbclid=IwAR2cnR2Ndk5x5eFfXWxtWEizf32w_jVRpJQyBSL6FsgIMRC_99tqFNsPx-4 [skoðað 25.4.2019.]

skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og túlka ákvæði um eyðingu gagna frekar þröngt heldur en rúmt.

Samkvæmt ofangreindu verður að líta svo á að það sé meginregla varðandi eyðingu gagna hjá afhendingarskyldum aðilum að hún fari ekki fram nema með heimild Þjóðskjalasafns eða á grundvelli sérstakra laga til þess að tryggja á að skjölum sé ekki eytt án eftirlits.⁹⁰

Réttur til eyðingar á gögnum grundvallast á liðum 17 gr. pvpr og að einstaklingur eigi rétt á því að persónuupplýsingum um sig sé eytt án ótilhlýðilegrar tafar eigi ákvæðið við umræddar upplýsingar. Ótilhlýðilegar tafir væru ástæðulausar eða óréttlætanlegar tafir á eyðingu gagnanna sem ekki þjóna neinum tilgangi. Þjóðskjalasafn Íslands sem framkvæmdaraðili með skjalavörslu ríkisvaldsins ber að úrskurða um hvort að ákvæði 3. mgr. 17. gr. eigi við upplýsingarnar. Myndi því sá tími sem liði á meðan beðið væri eftir því að Þjóðskjalavörður veiti heimild til eyðingar gagna sem sannarlega eru orðnar hluti af skjalasafni afhendingarskylds aðila skv. 14. gr. lops ekki vera talin sem ótilhlýðileg töf á meðferð málsins.

⁹⁰ Kristín Benediktisdóttir, *Stjórnmal & stjórnsýsla: Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. 2. tbl. 12. árg. 2016, bls 335

Lokaorð.

Í ritgerð þessari hefur verið fjallað um samspil laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þegar kemur að eyðingu gagna sem opinberir aðilar hafa fengið til meðferðar og verða við það hluti af skjalasöfnum þeirra.

Nauðsyn þess að réttur einstaklinga um persónuupplýsingar er varða einkahagi hefur verið gert skil í stuttu máli sem og hugtökunum persónuupplýsingar og vinnsla persónuupplýsinga. Fjallað var um Almennu persónuverndarreglugerðina, dóm Mannréttindadómstólsins máli nr. C-131/12 frá 13. maí 2014, niðurstöðu þess og áhrif.

Aðdragandi að setningu almennu persónuverndarreglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 hefur verið rakin sem og markmið hennar og upptaka í EES-samninginn og innleiðing í landsrétt og meðferð málsins fyrir Alþingi rakin.

Opinberri skjalavörslu var gerð skil með því að draga fram hvað í raun fælist í varðveislu opinberra skjala, hvaða reglur gilda um skráningu mála og málgagna hjá hinu opinbera sem og þau ákvæði í lops er taka á eyðingu þeirra eftir að þau hafa verið skráð í skjalasafn afhendingarskyldra aðila.

Markmið pvpr er að sporna gegn sundurlausri framkvæmd persónuverndar innan Evrópusambandsins og réttaróvissu við meðferð persónuupplýsinga í tengslum við sívaxandi netnotkun og þróun upplýsingatækninnar, sem og að einstaklingar innan aðildarríkjanna væru tryggð og öflug vernd á persónuupplýsingum sínum.

Ákvæði 17. gr. pvpr hefur að geyma rúmar og viðamiklar heimildir fyrir því að einstaklingar hafi rétt til þess að persónugreinanlegum upplýsingum um þá sé eytt. Rétturinn til þess að fá þessum upplýsingum eytt er þó ekki án takmarkana og eru þó nokkrar undanþágur á honum.

Gerð var grein fyrir hlutverki Þjóðskjalasafns Íslands sem framkvæmdaraðila þegar um skjalavörslu í stjórnsýslunni er að ræða og er því æðsta vald í málum er varða skjalavörslu ríkis og sveitafélaga sbr. 3. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Fjallað var um það í ritgerðinni að rík skylda hvílir á afhendingarskyldum aðilum til þess að skrá ítarlega öll þau mál og skjöl sem til vinnslu koma innan marka þeirra. Þar er því ekki komist undan að bæði skrá við opinbera vinnslu persónugreinanlegar upplýsingar í þeim megintilgangi að

tryggja starfhæfa stjórnslu, tryggja réttaröryggi bæði ríkis og almennings sem og til að tryggja endurheimt gagnana eftir að þau hafa orðið til. Skiptir innihald upplýsinganna ekki máli þegar kemur að skráningu þeirra.

Þeir aðilar sem afhendingarskyldir eru til opinberra skjalasafna sbr. lops er skylt að fara að ákvæðum laganna þegar kemur að gildisviði þeirra og þar undir er einnig eyðing skjala sem tekið er á í 24. gr laganna eins og áður var talið.

Ljóst er skv. lops að það er ekki á valdi afhendingarskylds aðila að ákvarða hvort að varðveita skuli gögn til lengri tíma í skjalasöfnum sínum eða opinberum skjalasöfnum eins og kveðið er á um í lops heldur hvílir sú heimild hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Hafi ekki verið settar reglur þess efnis eða sérstök lagaákvæði sem taka til vissra skjalaflokka sbr. 2. mgr. 12. gr laga um Hagstofu Íslands.

Ákvæði 17. gr. pvpr gætu átt við um gögn hjá afhendingarskyldum aðilum, en þá aðeins sem rök fyrir heimild Þjóðskjalavarðar til þess að veita heimild til grisjunar sbr. 24. gr. lops en ættu ekki að hafa gildi sérlega gagnvart lögum um opinber skjalasöfn þar sem lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem lögfestu reglugerðina á Íslandi hafa vítt gildissvið en lög um opinber skjalasöfn taka aðeins til afmarkaðs hóps sem eru afhendingarskyldir aðilar sbr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Eins og rakið var hér að framan grundvallast réttur til eyðingar á gögnum á liðum 17 gr. pvpr og að einstaklingur eigi rétt á því að persónuupplýsingum um sig sé eytt án ótilhlýðilegrar tafar eigi ákvæðið við umræddar upplýsingar. Ótilhlýðilegar tafir væru ástæðulausar eða óréttlætanager tafir á eyðingu gagnanna. Einnig eru takmarkanir á réttinum til þess að gleymast á borð við að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar til þess að uppfylla lagaskyldu og beitingu opinbers valds sem og vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna. Þjóðskjalasafn Íslands er, sbr. lops, framkvæmdaraðili vegna skjalavörslu afhendingarskyldra og ber því að úrskurða um hvort ákvæði 3. mgr. 17. gr. eigi við upplýsingarnar. Myndi því sá tími sem líður á meðan beðið er eftir því að Þjóðskjalavörður veiti heimild til eyðingar gagna sem sannarlega eru orðnar hluti af skjalasafni afhendingarskylds aðila, skv. 14. gr. lops, ekki vera talin ótilhlýðileg töl á meðferð málsins. Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn hafa því gildi sérlega ganvart lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lagaskrá.

Lög um Evrópska Efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 –*ekki í gildi*

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 – *ekki í gildi*

Lög um hagstofu Íslands nr. 162/2007

Reglur.

Reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 85/2018 um skráningu mála og málsgagna. vefútgáfa stjórnartíðinda B <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d9a57bdb-cfc8-4b1d-90d7-a07a6add2571> [Sótt 15.4.2019]

Reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 627/2010 um grisjun skjala hjá sveitafélögum. vefútgáfa stjórnartíðinda B <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=84b2c6ae-85ed-440a-ad7a-93e01d6fa7a3> [skoðað 18.04.2019]

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu.

Google inc. v Spain App no 131/12 (ECtHR, 13 May 2014)

Réttargerðir Evrópusambandsins.

Council Directive 95/46/EC of 24. October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data. OJ L281/31. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A31995L0046> [Sótt 11.4.2019]

Council Regulation (EC) 2016/679 of 27. April 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data. OJ L119/1 <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32016R0679> [Sótt 9.4.2019]

Heimildaskrá.

Bækur.

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (JPV útgáfa 2008)

Ritstj. Róbert R. Spanó (ásamt öðrum), *Um lög og rétt : helstu greinar íslenskrar lögfræði* (Codex 2009).

Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Codex, 2007)

Sigrún Jóhannesdóttir, *Persónuverndarlög: skýringarrit* (Fons Juris 2015)

Þingskjöl.

Þskj. 505, 116. Lögb. 1992 – 93. Mál: *Frumvarp til stjórnarsýslulaga.*

Þskj. 367, 111. Lögb. 1992 – 93. Mál: *Frumvarp til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.*

Þskj. 1029, 148. Lögb. 2017 – 18. Mál: *Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

Þskj. 1281, 148. Lögb. 2017 – 18. Mál: *Nefndarálit frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

Þskj. 1, 116. Lögb. 1992 – 93. Mál: *Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.*

Þskj. 403, 143. Lögb. 2013 – 14. Mál: *Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.*

Þskj. 630, 120. Lögb. 1995 – 96. Mál: *Frumvarp til upplýsingalaga.*

Þskj. 223, 141. Lögb. 2012 – 13. Mál: *Frumvarp til upplýsingalaga.*

Alpt. 1984-1985, A-deild, 2163.

Þskj. 946, 143. Lögb. 2013 – 14. Mál: *Nefndarálit frá allsherjar- og menntamálanefnd um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.*

Leiðbeiningarrit.

Njörður Sigurðsson. *Handbók um skjalavörslu sveitafélaga Þjóðskjalasafn Íslands* 2010.

Þjóðskjalasafn Íslands. Grisjun: *Leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir um grisjun skjala* Þjóðskjalasafn Íslands 2010 <https://skjalasafn.is/files/docs/grisjun.pdf>

Tímarit.

Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson, „*Varðveisla gagna í stjórnsýslunni.*“ (2016) 2. tbl. 12. árg. Stjórnsmál & stjórnsýsla. 321

Þjóðskjalasafn Íslands, *Skjalafréttir*. 7. tbl. 3. 9. 2018.
[https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=\[UNIQID\]](https://mailchi.mp/2faf3cae30eb/skjalafrttir?e=[UNIQID])

Þjóðskjalasafn Íslands, *Skjalafréttir*. 4. tbl. 29. 3. 2019.
https://mailchi.mp/32400ed9af7f/r829nw0pon?e=a6f02a30b9&fbclid=IwAR2cnR2Ndk5x5eFxWXxtWEizf32w_jVRpJQyBSL6FsgiMRC_99tqFNsPx-4

Fréttir og vefsíður.

Innlend frétt. 29.05.2018. *Segir að litlu verði breytt í þingsal.*
<http://www.ruv.is/frett/segir-ad-litlu-verdi-breytt-i-thingsal> (Sótt 30.03.2019)

Greinargerð með reglum um skráningu mála og málgagna 85/2018.
https://skjalasafn.is/files/docs/Reglur_um_skraningu_mala_og_skjala_afhendingarskyldra_adila.pdf (Sótt 20.4.2019)